



ENDURSKOÐUN

Reynir Vignir

löggiltur endurskoðandi
og einn eigenda hjá PwC

Búskipti og fyrirframgreiddur arfur



Félag löggiltra endurskoðenda

Fjármagnstekjuskattur sem kemur til greiðslu við innlaun eða sölu eigna getur verið mjög hár og því er nauðsynlegt að huga vel að tímasetningu á innlaun þeirra.

Hér að neðan er fjallað um örfá atriði sem gott

er að huga að þegar gengið er frá skiptum dánarbúa eða greiðslu fyrirframgreidds arfs og fjallað er um í lögum um skipti á dánarbúum og í erfðalögum. Erfðafjárskattur hefur verið til í íslensku skattkerfi í mjög mörg ár og nánast alltaf verið umdeildur enda af flestum talinn mjög óréttlátur skattur. Það er reynsla margra sem veita aðstoð við skipti eða gerð gagna vegna fyrirframgreidds arfs að viðhorf til greiðslu skattsins hafi verið jákvætt á meðan hann var í 5% þrepi af eignum á árunum 2004 til 2010 en það viðhorf breyttist þegar prósentan var tvöfölduð í ársbyrjun 2011.

Fyrirframgreiðsla arfs (lítil sem mikil) er mjög góð og einföld leið fyrir foreldra og aðra til að koma fjármunum til skylduerfingja eða erfingja samkvæmt erfðaskrá. Það er gjarnan gert til að leysa fjárhagsleg mál sem koma upp eða til aðstoðar við kaup á íbúðarhúsnæði. Slíkar greiðslur hafa í mörgum tilvikum komið í stað óheppilegra og ótímasettra lánveitinga milli skyldra aðila. Þær geta líka komið í veg fyrir tilvik þar sem eignir eru færðar á milli aðila án þess að gerð sé réttilega grein fyrir þeim og dæmi eru um að á slíkar eignayfirlýsingar hafi réttilega verið lagður tekjuskattur þegar skattyfirvöld meta þær sem gjafagerning. Við úthlutun á fyrirframgreiddum arfi er alltaf greiddur fullur 10% skattur.

Í lögum um erfðafjárskatt kemur fram að stofnverð fasteignar skuli vera fasteignamat eins og það er skráð á dánardegi arfláta. Í mörgum tilvikum er mikill munur á söluverði fasteignar og fasteignamati og því

skiptir miklu máli hvort fasteign er seld fyrir eða eftir skipti. Ef fasteign er seld á mun hærra verði en skráð fasteignamat er, þá kemur andvirði hennar inn í skattstofninn og getur hækkað hann og skatt til greiðslu verulega. Þetta gerist nokkuð oft og má fyrst og fremst rekja til ótta erfingja við að tekjuskattsskyldur söluhagnaður myndist hjá þeim ef fasteign er fyrst skráð á þá og síðar seld. Frá árinu 2011 hafa hins vegar verið í gildi ákvæði í skattalögum um eignarhaldstíma og stærðarmörk sem koma oftast í veg fyrir að skattskyldur hagnaður myndist. Um verulegar fjárhæðir í erfðafjárskatti getur verið að ræða vegna fasteigna.

Um mat á skráðum og óskráðum verðbréfum, mat á innistæðum og mat á hlutabréfum í óskráðum félögum er einnig fjallað í lögum um erfðafjárskatt. Ekkert er hins vegar fjallað um það í þessari grein hvernig fara skuli með áfallinn fjármagnstekjuskatt sem fellur til greiðslu við innlaun eða sölu ofangreindra eigna og er það miður. Fjármagnstekjuskattur sem kemur til greiðslu við innlaun eða sölu eignanna getur verið mjög hár og því er nauðsynlegt að huga vel að tímasetningu á innlaun þeirra og hvort hægt sé að gera fjármagnstekjuskattinn upp fyrir skiptalok eða telja hann fram sem hluta skulda ef fyrir liggur hver hann verður.

Ein ástæða þess að talsvert af auðinnleystum verðbréfum verður til í dánarbúum er að lífeyrisþegar draga innlaun verðbréfa, því fjármagnstekjur sem verða til við slíka innlaun hafa veruleg áhrif á lífeyri þeirra og því safnast oft upp verulegar óinnleystar fjármagnstekjur hjá þeim.

Við skipti á dánarbúum eða greiðslu á fyrirframgreiddum arfi er hægt að greiða beint til annarra erfingja en þeirra sem fyrstir eru í erfðaröðinni. Þetta getur verið mjög praktískt og um leið komið í veg fyrir að sama eign verði stofn til erfðafjárskatts oft og stundum með stuttu millibili. Til þess að þetta geti orðið þarf að skila erfðafjárskýrslu til sýslumanns þar sem gerð er grein fyrir því að tiltekinni eign/eignarhluta hafi verið ráðstafað til viðkomandi erfingja (barnabarns arfláta) og að foreldri (barn arfláta) afsali sér rétti sínum til þessa fyrirframgreidda arfs. Með erfðafjárskýrslunni þarf að fylgja yfirlýsing foreldris (barns arfláta) um afsal á fyrirframgreiddum arfi þar sem skýrt er tekið fram til hvers arfshlutinn skuli renna. Rétt er að benda á að sé erfingi ófjárráða fyrir æsku sakir fara lögráðamenn með málefni þeirra, og að sýslumenn eru yfirlögráðandi og í fjölmörgum tilvikum þarf að fá leyfi sýslumanns vegna ýmissa ráðstafana á eignum hins ólögráða barns.

Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 11. september 2014 bls. 12.